

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**277. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 1. desember 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Pétur Arnarsson og Oddný Helga Sigurðardóttir.

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

1. Erindi nr. 1512002. Borgarvirki, deiliskipulag.
2. Erindi nr. 1611037. Kolugljúfur, skipulagslýsing.
3. Erindi nr. 1611041. Staðarhreppsafreittur, stofnun Þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar.
4. Erindi nr. 1611048. Mýrar III, byggingarreitur vegna vélageymslu.
5. Erindi nr. 1611049. Mýrar III, byggingarleyfi fyrir vélageymslu.
6. Erindi nr. 1610008. Reykir, vélageymsla. Innkomnar breyttar teikningar.
7. Erindi nr. 1607003. Garðavegur 30, innkomnar breyttar teikningar.
8. Erindi nr. 1611050. Hlíðarvegur 6, viðbygging við íþróttahús.

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1512002.** Tekið fyrir að nýju erindi nr. 1512002 frá Ástu Hermannsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands þar sem óskað er eftir heimild til að deiliskipuleggja Borgarvirki og næsta nágrenni þess skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu frá Teiknistofu Norðurlands. Skipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir ferðamenn sem koma að virkinu.

Sveitarstjórn heimilaði umsækjanda þann 10. desember 2015 að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu í nóvember 2015 frá Teiknistofu Norðurlands. Leitað var umsagna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum og kynnt fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Innsendum umsögnum var komið á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið yrði efnislega tillit til þeirra eins og kostur væri við gerð skipulagsins. Innkomin ný gögn þann 3. október 2016, tillaga að deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð gerði ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á fundi sínum þann 6. október sl. og var tillagan og forsendur hennar kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á opnu húsi í ráðhúsi Húnaþings vestra 27. þess mánaðar. Tekið hefur verið tillit til þeirra ábendinga sem bárust eftir því sem við á. Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á tillögunni og er gerð grein fyrir þeim breytingum í greinargerð skipulagstillögunnar. Skipulagsgögnin samanstanda af skipulagsuppdrætti, greinargerð og skýringaruppdrætti frá Arnari Birgi Ólafssyni landslagsarkitekt hjá Teiknistofu Norðurlands dags. 11. nóvember 2016.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að deiliskipulagstillagan verði auglýst og jafnframt verði skipulagsfulltrúa falin málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

- Erindi nr. 1611037.** Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur með samþykki landeigenda ákveðið að gera deiliskipulag fyrir Kolugljúfur í Víðidal og aðliggjandi umhverfi skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Markmiðið með fyrirhuguðu skipulagi er að bæta aðgengi, upplýsingar, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið. Það verður m.a. gert með skipulagningu bílastæðis, staðsetningu þjónustu- og salernishúss, útsýnispalla, göngubrúa, stíga, skilta og annarra tilheyrandi mannvirkja. Arnar Birgir Ólafsson kynnti skipulagslýsinguna gegnum síma.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir skipulagslýsinguna fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

- Erindi nr. 1611041.** Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2016 sækja Stefán Thors og Regína Sigurðardóttir, fyrir hönd Íslenska ríkisins, kt. 540269-6459, í umboði forsætisráðherra, um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/200, með síðari breytingum. Fasteign sú, *Staðarhreppsafréttur*, sem hér óskast stofnuð er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013, dags. 19. desember 2014.

Afmörkun Staðarhreppsafréttar: „Upphafspunktur er þar sem Brennivísl rennur í Síká. Þá er Brennivísl fylgt, um Brennivíslarpoll, að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna í Sléttafelli. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er dregin bein lína vestur á Garð og þaðan er farið í upptök Síkár. Loks er farvegi Síkár fylgt í upphafspunkt þar sem Brennivísl rennur í hana.“ Sjá meðfylgjandi uppdrátt: SV8A-STD.

Þar sem Staðarhreppsafréttur nær yfir stærra landsvæði er lagt til að þjóðlendan fái nafnið *Sléttafell á Staðarhreppsafrétti*.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir stofnun fasteignarinnar fyrir sitt leyti og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

- Erindi nr. 1611048.** Atli Gunnar Arnórsson, kt. 120379-4029, sækir fyrir hönd Karls Guðmundssonar, kt. 071260-7399, með erindi móttæknu 29. nóvember sl., um leyfi til afmarka byggingarreit á Mýrum 3, landnúmer 144142, samkvæmt meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti gerðum af Atla Gunnari hjá Stoð ehf.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda, með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar.

- Erindi nr. 1611049.** Atli Gunnar Arnórsson, kt. 120379-4029, sækir fyrir hönd Karls Guðmundssonar, kt. 071260-7399, með erindi móttæknu 29. nóvember sl., um leyfi til að byggja vélageymslu á Mýrum 3, landnúmer 144142, samkvæmt meðfylgjandi aðaluppdráttum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

- Erindi nr. 1610008.** Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449, leggur, fyrir hönd Þorsteins Sigurjónssonar, kt. 150153-4419, inn breytta aðaluppdrætti að stálgrindarhúsi sem byggt verður við fjárhús og hlöðu, mhl. 20 og 25 í landi í Reykja í Hrútafirði lnr. 144036.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

- Erindi nr. 1607003.** Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449, leggur þann 16. nóvember sl. fyrir hönd Haraldar F. Arasonar, kt. 110175-5319, inn breytta aðaluppdrætti vegna Garðavegar 30.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

8. **Erindi nr. 1611050.** Skúli H. Hilmarsson, kt.190675-4679, sækir þann 30. nóvember sl., fyrir hönd Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íþróttahús, Hlíðarvegi 6, samkvæmt meðfylgjandi aðaluppdráttum gerðum af Bjarna Þór Einarssyni, kt. 310348-2449.

Skipulags- og umhverfissráð staðfestir að viðbyggingin samræmist gildandi deiliskipulagi. Afgreiðslu byggingaráforma er vísað til byggingarfulltrúa.

**Skipulags- og umhverfissráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.**

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:58**

---

Guðjón Þórarinn Loftsson

---

Árborg Ragnarsdóttir

---

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir

---

Pétur Arnarsson

---

Ólafur Jakobsson

---

Oddný Helga Sigurðardóttir